

Bæjarráð 14. desember 2021

Garðabæjarlistinn kallar eftir minnisblaði um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til þess að mæta líðan ungmenna og styðja við þau í gegnum heimsfaraldurinn.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á ungt fólk. Garðabæjarlistinn lagði fram tillögu í nóvember 2020 þar sem lagt var til að hlúð yrði sérstaklega að lýðheilsu ungmenna fædd 2002 - 2007 (13-18) ára í Garðabæ með fræðslu og stuðningi sem kann að vera mikilvægur. Fræðsluviði var falið að finna leiðir til þess að nálgast þennan hóp sérstaklega til að hlúa að andlegri líðan við þær óvenjulegu aðstæður sem heimsfaraldurinn Covid 19 skapar.